

En af peningum sáum við lítið, þeir fóru allir í það að koma sveitinni á milli Reykjavíkur og Akureyrar! 42



Hugleiðingar Charlotte Bøving fjallar um lífshlaupið í Iðnó.

Óður til lífsins, sögur og söngur

Charlotte Bøving fjallar um lífshlaupið

Danska leiknonan Charlotte Bøving hefur búið hér á landi síðastliðinn áratug og víða komið við á sviði íslenskar leiklistar. Á laugardag flytur hún *Petta er lífið ... og om lidt er kaffen klar* í Iðnó, en sú sýning er óður til lífsins; hugleiðingar, sögur og söngur.

Charlotte átti að baki gifturík-an leikhúsférl í Danmörku áður en hún fluttist hingað. Hér á landi hefur hún meðal annars leikstýrt söngleik og leikritum, samið leikverk, bæði stærri sviðsverk og einleiki, ýmist ein eða í samstarfi við aðra. Hún var tilnefnd til Grímunnar fyrir einleik sinn um hina Smyrjandi jómfúru árið 2003 og hlaut Grímuna sem besta leikkona í aukahlutverki fyrir framistöðu sína í *Hinni öfögru veröld* í uppfærslu LR árið 2007.

Í *Petta er lífið ... og om lidt er kaffen klar* fjallar Charlotte um lífshlaupið og segir frá á íslensku á milli þess sem hún syngur á dönsku kvæði eftir Benny Andersen, Piet Hein, Tove Ditlevsen, Halfdan Rasmussen, Jóhann Sigurjónsson og fleiri.

Undirleikari Charlotte er Pálmir Sigurhjártarson. Sýningin er á vegum leikhússins Ópið út í samstarfi við Iðnó.

Tónlist Ópið hús hjá Sinfóníunni

Á laugardag kl. 14:00 býður Sinfóníuhljómsveit Íslands gestum og gangandi í ópið hús í Háskólabíói. Þar verða ýmsar upptökur og efnisskrá vetrarins kynnt.

Víkingur Heiðar Ólafsson leikur með Sinfóníunni í stóra salnum, Tónlistarsmiðja barnanna verður í hlíðarsal þar sem börnin skapa tónverk í sameiningu undir leiðsögn tónlistarkennara, í stóra salnum verður sígilda ævintýrið um Tobba túbu leikið og loks mun Árni Heimir Ingólfsson, tónlistarstjóri Sinfóníunnar, spjalla við Víking Heiðar.

Allir eru velkomnir og ókeypis inn.




Víkingur Heiðar Ólafsson

Myndlist Margrét Buhl sýnir á Cafe Karólínu

Margrét Buhl opnar sýningu á Cafe Karólínu á laugardag kl. 15. Á sýningunni eru ljósmyndir þar sem Margrét túlkar látna tónlistarmenn, sem hafa haft sterk áhrif á hana í gegnum árin. Allir tónlistarmennirnir eru karlmenn og túlkar hún þá með því að endurgera ljósmyndir af þeim þar sem hún sjálf er viðfangsefnið.

Margrét útskrifaðist af fagurlistadeild úr Myndlistaskólanum á Akureyri vorið 2009 og er þetta önnur einkasýning hennar.

Cafe Karólína er opin frá kl. 17 og fram eftir nóttu alla daga nema laugardaga þá er ópið frá kl. 15. Sýningin stendur til 1. október.



Margrét Buhl

Myndlist Svefnljós Ráðhildar í Ásmundarsafni

Í kúlunni í Ásmundarsafni stendur nú yfir innsetning Ráðhildar Ingadóttur sem nefnist *Svefnljós*. Á sunnudaginn kl. 14 mun Ráðhildur ræða verkið sem felur í sér rýmið sjálft og hljóðmyndun þess, tölvu, handspegil, ljósvarpa og skugga. Verkið er einstakt að því leyti að gestir verða að gefa sér tíma til að upplifa það.

Ráðhildur hefur haldið fjölda einka- og sam-sýninga heima og erlendis. Hún býr og starfar jöfnum höndum á Íslandi og í Danmörku. Aðgangur er ókeypis. Ásmundarsafni er ópið daglega í september frá kl. 10-16.



Ráðhildur Ingadóttir

Hvernig lýsir maður sjálfum sér?

● Rimini Protokoll sýnir á Lókal

Helgi Snær Sigurðsson
helgisnaer@mbl.is

Leikhópurinn Rimini Protokoll sýnir í kvöld verkið *Black Tie* á Lókal-leiklistarhátíðinni. Rimini Protokoll er óhefðbundinn leikhópur því engir lærðir leikarar koma fram í sýningum hópsins og hefur hópurinn skilgreint sýningar sínar sem heimildarleikhús, til einföldunar. En hvað er heimildarleikhús? Listrænn stjórnandi hópsins, Helgard Haug, ræddi við blaðamann í gær.

„Í upphafi urðum við að skilgreina okkur með einhverjum hætti, til að aðgreina okkur frá hefðbundnu leikhúsi, skáldskap, og útskýra hvað við værum að gera. Við líktum þessu við heimildarmyndir, litum til kvikmyndaformsins. Þetta er ekki beinlínis rétta leiðin til að lýsa því sem við gerum en þetta gefur fólki þó tilfinningu fyrir grundvallarhugmyndinni. Við erum ekki með leikara á sviði heldur fólk sem segir lífsreynslusögur, lýsir ákveðnum hluta ævi sinnar eða varpar ljósi á ákveðna reynslu,“ útskýrir Haug. Þó sé ákveðinn leikur á ferð, spurningum varpað fram og leikrænir tilbúðir viðhafðir. Leikhópurinn leiki sér með heimildarleikhúsformið, velti því fyrir sér hvað sé

Í hnotskurn

» Rimini Protokoll-leikhópurinn hefur verið starfræktur í tíu ár í Þýskalandi og hefur sýnt víða um heim. Í *Black Tie* segir þýsk kona, ættleidd frá Suður-Kóreu, frá leitinni að uppruna sínum. Þá er þeirri spurningu varpað fram hvernig líf hennar hefði verið hefði hún alist upp í S-Kóreu.

satt og hvað ekki og þeir sem taki þátt takist á við eigið sjálf, takist á við spurninguna „hver er ég?“.

Leitað svara

Í verkinu *Black Tie* eru tveir „aðal-leikarar“ og fjallar verkið í grunninn um ættleiðingar og áhrif þeirra á hina ættleiddu. Aðalpersónan, ef svo mætti kalla, er þýsk kona, Miriam Yung Min Stein, sem fæddist í Suður-Kóreu árið 1977 og var ættleidd af þýskri fjölskyldu. Þegar hún komst til vits og ára fékk hún litlar sem engar upplýsingar um uppruna sinn aðrar en þær að hún hafi fundist í kassa, vafin inn í dagblað, í S-Kóreu. „Við segjum sögu hennar, hvernig hún



Uppruni Miriam Yung Min Stein á sviði í sýningunni *Black Tie*. „Hver er ég?“ er grundvallarspurning verksins, sem flokkast sem heimildarleikhús.

varð sér úti um upplýsingar um sjálfa sig, hvernig henni leið þegar hún var að vaxa úr grasi í Þýskalandi, þá tilfinningu að hún væri öðruvísi útlits. Hún fór til Suður-Kóreu til að átta sig á uppruna sínum,“ segir Haug. Þá lét hún erfðagreina munnvatnssýni úr sér hjá DeCODEme og annarri sambærilegri þjónustu, 23andMe, en varð einskis vísari. „Þetta fjallar um leit hennar að upplýsingum en á endanum reynast þær haldlitlar.“ Í raun sé varpað fram þeirri spurningu hvernig maður lýsi sjálfum sér þegar maður veit ekki í raun hver maður er.

Hin aðalpersónan, Hye-Jin Choi, s-kóresk kona sem býr og starfar í

Þýskalandi, segir aðra sögu því hún veltir því fyrir sér hvernig lífið hefði verið hjá Stein hefði hún alist upp hjá s-kóreskri fjölskyldu í S-Kóreu.

Titill sýningarinnar, *Black Tie*, vísar í spariklæðnað, kröfur sem gerðar eru til klæðaburðar fólks í finum boðum. Haug segir nafnið einnig vísa til klæðaburðar sem sé í raun hlutlaus. Ef fólk viti ekki hvernig það eigi að vera klætt grípi það til „svarta hálsbindisins“.

Black Tie verður sýnt í Borgarleikhúsinu í kvöld kl. 20.

www.lokal.is
www.rimini-protokoll.de/

Hreindís Ylva syngur Erlu Þorsteinsdóttur

● Sextán lög úr safni Erlu sungin á tvennum tónleikum

Hreindís Ylva Garðarsdóttir Holm heldur tónleika í Bæjarleikhúsinu í Mosfellsbæ í kvöld kl. 21:00. Á tónleikunum verða flutt sextán lög úr safni dægurlagasöngkonunnar Erlu Þorsteinsdóttur sem var mjög vinsæl á árunum 1954-1959, þar á meðal lög eins og Litli tónlistarmaðurinn, Prek og tár, Heimþrá og Kata rokkar.

Hreindís og hljómsveit héldu þrenna tónleika með sama prógrammi á Norðurlandi í ágúst.

Að sögn Hreindísar eru útsetningar laganna sem líkastar því sem þær voru upprunalega, enda hafi þær verið svo flottar að varla verði betur gert.

„Þær útsetningar voru þó oft gerðar fyrir miklu fleiri hljóðfæri, stórar hljómsveitir, fullt af strengjum og blásara og við getum ekki náð



Hylling Hreindís og hljómsveitin: Tómas Jónsson, Yngvi Rafn Garðarsson Holm, Valgeir Daði Einarsson og Sigurður Ingi Einarsson.

því með hljómsveitinni. Við reynum þó að vera trú gömlu útsetningunum og byggjum á þeim.“

Tónleikarnir verða endurteknir á Cafe Rósenberg á sunnudaginn kl. 21:00.

Ágústthópurinn í Tjarnarsal

● Fjórar listakonur sýna í Ráðhúsinu

Nú sýna saman í Tjarnarsal Ráðhúss Reykjavíkur listakonurnar Elín Björk Guðbrandsdóttir, Guðný Svava Strandberg, Katrín Nielsdóttir og Þórdís Ósk Brynjólfsdóttir, Zordis. Þær stöllu myndu Ágústthópin og hafa þær sýnt og unnið saman frá árinu 2007.

Verk Elínar eru málverk unnin með olíulitum á striga, en að auki sýnir hún lítil málverk unnin með olíulitum og blandaðri tækni. Myndir Guðnýjar Svövu eru unnar í akrýl og einnig með penna, kolum og gullbleki. Hún sýnir einnig landslagsmyndir unnar með vatnslitum. Verk Katrínar eru svipmyndir frá Færeysjum unnar með akrýllitum. Katrín sýnir einnig nokkur lítil abstraktmálverk. Myndir Zordisar eru olíumyndir á hrástriga, en hún sýnir einnig akrýlmýndir á striga og á spænskum þakflisum.



Fjölbreytt Ein mynda Zordisar á sýningunni í Tjarnarsal.

Sýningin stendur til 12. september. Ópið er virka daga frá kl. 8:00-19:00, um helgar kl. 12:00-18:00.